

Þórunn Guðmundsdóttir

Menntun og störf íslenskra ljósmæðra á 18. öld

Inngangur

Markmiðið með þessari grein er fyrst og fremst að varpa nokkru ljósi á menntun og störf íslenskra ljósmæðra á 18. öld og tengsl þeirra við kirkjuna. Ég ætla líka að gera grein fyrir þeim breytingum sem reynt vart að koma á þegar embætti landlæknis á Íslandi var stofnað árið 1761 en við það fluttist umsjón með menntun og störfum ljósmæðra frá kirkjunni til landlæknis. Að lokum mun ég svo segja frá starfsemi ljósmæðra í Rangárvallasýslu og lýsa þeirri aðferðafræði sem þarf að viðhafa til að finna þær í þeirri sýslu sem og í öðrum sýslum.

Á fyrri hluta 18. aldar voru aðstæður þannig á Íslandi að hér var ekkert opinbert heilbrigðiskerfi, enginn Íslendingur hafði hlotið formlega menntun í læknisfræði og öll formleg fræðsla um heilsu og heilbrigði var óþekkt hér á landi. Þrátt fyrir að ekkert skipulagt heilbrigðiskerfi væri til, var alltaf til fóumfram aðra aðstoðaði þá sem þurftu á aðstoð að halda. Fjölmennasti hópurinn sem sinnti aðstoð við líðandi var án efa ljósmæður. Í hverri kirkjusókn á Íslandi átti að vera ein kona, formlega skipuð í embætti ljósmóður, og átti hún að hafa ákveðna menntun til starfans, menntun sem kirkjan viðurkenndi. Þrátt fyrir lög um menntun ljósmæðra voru á 18. öld aðeins örfár ljósmæður á Íslandi með formlega menntun, en gegndu engu að síður embætti ljósmóður. Tengsl kirkju og ljósmæðra voru ákveðin í lögum.

Hér á eftir verður eingöngu fjallað um störf kvenna en ekki karla sem tóku að sér yfirsetustörf og hugtökin ljósmóðir og yfirsetukona verða notuð jöfnum höndum um þær konur sem tóku að sér aðstoð við fæðandi konur, hvort sem þær höfðu hlotið formlega menntun eða ekki.

Kirkjuritúalið, menntun ljósmæðra og skipun þeirra í embætti á 17. og 18. öld

Nýtt kirkjuritúal (lög um kirkjulegar athafnir og starfsemi kirkjunnar) var gefið út í danska ríkinu árið 1685 og tók gildi á Íslandi nokkru seinna, en nokkur vafi er á um framkvæmd þess hér á landi. Meðal þess sem þar er að finna eru ákvæði sem varða menntun og störf ljósmæðra. Í því eru taldir upp helstu mannkostir sem væntanleg ljósmóðir þurftu að búa yfir, þar eru fyrirmæli um menntun ljósmæðra og upplýsingar um hverra hlutverk það var að skipa ljósmæður í embætti með formlegum hætti. Á þessum tíma gerði kirkjan ekki ráð fyrir að karlmenn tækju að sér yfirsetustörf, staðfestingu á því er að finna í kirkjuritúalinu. Í

framhaldi af gildistöku kirkjuritúalsins var gefin út ný helgisíðabók, sem er handbók fyrir presta, og þar er að finna helstu ákvæði kirkjuritúalsins. Þessi handbók kallast *Dominicale* og var eina handbók íslenskra presta í rúm hundrað ár.

Það kemur bæði fram í kirkjuritúalinu og *Dominicale* að það var hlutverk sóknarprests að kenna væntanlegri ljósmóður fræðin, láta hana sverja embættiseið og lesa yfir henni áminningu tvisvar á ári. Umdæmi íslenskra ljósmæðra á 18. öld var sóknin.

Menntun ljósmæðra, eins og hún var fram yfir miðja 18. öld, fólst í því að læra ákveðnar bænir sem þær áttu síðan að lesa yfir fæðandi konum og ófæddum eða nýfæddum börnum eftir ástandi móður og barns eða barna hverju sinni. Í kirkjuritúalinu og *Dominicale* er að finna þær bænir sem ljósmæður á fyrri hluta 18. aldar þurftu að kunna en ekkert kemur fram á þeim tíma sem bendir til að annarrar menntunar en trúarlegrar væri krafist.¹ Hvergi er orðað að þörf sé á annarri þekkingu en í guðs orði og þá til að nota sængurkonum til huggunar. Áratugum áður en kirkjuritúalið tók gildi voru til í Evrópu kennslubækur í ljósmæðrafræðum þar sem fjallað var um liffræði meðgöngu og fæðing, í máli og myndum (teikningum). Meðal þessara kennslubóka eru: *Complead midwives practice* og *Directory for Midwives: Or a Guide for Women*.²

Sú kona sem tók formlega við starfi ljósmóður ákveðinnar sóknar átti að sverja embættiseið þegar hún tók við starfinu. Það er ekki vitað hvort fyrirmælum um eiðtöku var alltaf framfylgt á 18. öld, þar sem sóknarprestar skráðu eiðtöku ekki í prestsþjónustubækur á þessum tíma.

Kirkjan sleppti ekki hendinni af ljósmóðurinni þó formlegri menntun, skipan í embætti og eiðtöku væri lokið. Sóknarprestar áttu að kalla til sín eiðsvarna starfandi ljósmóður sóknarinnar tvisvar á ári og lesa yfir henni áminningu í 11 liðum. Áminningin varðar framkomu og ábyrgð í starfi, ásamt fyrirmælum um persónulega hegðun ljósmóður í einkalífi. Meðhjálpari eða annar aðstoðarmaður prestsins átti að vera viðstaddur þegar áminningin var lesin yfir henni. Í fyrsta lið er ljósmóðirin áminnt um að líf mæðra og barna sé í höndum hennar, en þó eru lokaorð fyrsta liðs að það sé guðs en ekki mannanna að útleiða börn úr móðurlífi. Í seinni liðum áminningarinnar er ljósmóðirin minnt á að heilbrigði og heilsa barns og móður sé undir henni komin, vanræksla í starfi og ill meðferð sem kosti líf sé sama og morð. Ljósmóðirin er áminnt um að forðast drykkjuskap, sýna ekki af sér þunglyndi, lauslæti, hatur, hefnigirni eða fjandskap. Hún er hvött til að tileinka sér jákvætt hugarfar, hófsemi, þagmælsku, fyrirgefa þeim sem hafa gert á hlut hennar og láta kristilegan kærleika ráða gerðum sínum. Ljósmóðirin er

¹ *Lovsamling for Island*, 1. b., bls. 445. *Dominicale*, Q2-Q6.

² Chamberline, Thomas. *Complead midwives practice*. England 1646;

Culpeper, Nicholas. *A Directory for Midwives. Or a Guide for Women*. England 1671.

hvött til að fara ekki í manngreinaralit, hjálpa jafnt ríkum sem fátækum en ætlast ekki til mikilla launa. Henni bar að hjálpa fátækum konum án þess að þiggja nokkuð fyrir aðstoðina. Allt fram til ársins 1766 nutu ljósmæður ekki opinberrar þóknunar fyrir störf sín en þeir sem gátu borgað áttu að greiða ljósmóður fyrir aðstoðina. Í þessu áminningarferli kemur fram að ljósmóðir hafði eftirlitshlutverk innan sóknarinnar, það voru ákveðnir þættir sem henni bar að tilkynna til sóknarprests, yrði hún þeirra vör. Ljósmóðir átti að upplýsa sóknarprest ef konur fæddu börn í saurlífi og ef hún yrði vör við að eitthvað væri á seiði varðandi ókristilegar og óleyfilegar aðfarir við fæðingar. Hún var áminnt um að fara eftir þeim reglum sem kirkjan setti um aðstoð við fæðandi konur: „Skulud þier Einasta bruka vid Moodurena og Barsed, Bænena og Leifeleg Natturleg Christeleg Medöl, En ei nockur Ogudleg og Oleifeleg, helldur Openbera bruki þau nockur.“³ Ljósmóðirin er auk þessa vöruð við að sýna af sér hvert það athæfi sem sé öðrum konum ekki til eftirbreytni. Undir lok áminningarinnar er ljósmóðir minnt á hvernig hún eigi að bregðast við ef hætta var á ferðum og ef ekki var um bráða hættu að ræða. Þá á ljósmóðirin að kalla til ráða aðrar skynsamar konur en ekki framkvæma neitt á eigin spýtur og hún á að kalla til prest ef með þarf, móðurinni til huggunar. Ljósmóður bar að reyna að bjarga móður væri barnið dáíð fyrir fæðingu.

Það er ljóst eftir því sem kemur fram í áminningunni að ákveðnar, strangar siðferðiskröfur voru gerðar til þeirra kvenna sem tóku að sér yfirsetustörf og fastar reglur voru um hvernig þær áttu að haga störfum sínum. Þrátt fyrir það var þeim ekki heimilt að skíra börn, til þess verks voru aðrir taldir hæfari. Ljósmóðir átti ekki skipta sér af skírn barns, nema það væri í lífshættu og að ekki næðist í prest eða skikkanlegan karlmann yfir lögaldri til að skíra það.⁴

Breytingar vegna áhrifa ríkisvalds

Við stofnun landlæknisembættisins árið 1760 varð það verkefni landlæknis að sjá um ljósmæðrafræðsluna í landinu. Hann átti skv. erindisbréfi að mennta nýjar ljósmæður og kynna starfandi ljósmæðrum nýjungar.⁵ Er landlæknir tók yfir kennslu ljósmæðra var þegar til þýdd á íslensku og prentuð kennslubók í ljósmæðrafræðum. Þó er ekki vitað hvað upplagið var stórt eða hvaða útbreiðslu bókin náði. Það er ekki vitað hvaða gagn ljósmæður höfðu af kennslubók, þar sem hluti þeirra var ólæs og óskrifandi. Bjarni Pálsson, fyrsti íslenski landlæknirinn, vissi af þessari bók en sagði yfirsetukonur ekki leggja sig eftir henni.

³ *Dominicale* Q 5.

⁴ *Lovsamling for Island*, 3. b., bls. 445-449.

⁵ *Lovsamling for Island*, 3. b., bls. 415.

Ástæðuna sagði hann vera mikla andstyggð á nýjungum.⁶ Á 18. öld þurftu ljósmæður ekki að skila skriflegum skýrslum varðandi starf sitt og því er ekki vitað hvort það háði þeim nokkuð í starfi að vera ólæsar og óskrifandi.

Í landlæknistið Bjarna (1760-1779) gengust 24 konur og einn karlmaður undir próf í yfirsetufræðum. Flestir nemendur tóku próf fyrsta ár Bjarna í embætti, þ.e. árið 1761, það ár luku 5 konur prófi. Árin 1768 og 1773 tóku 4 konur próf hvort ár, önnur ár færri og nokkur ár liðu án þess að nokkur kona gengist undir próf. Í 25 manna hópi sem tók próf á þessum árum var einn karlmaður, en 19 konur gengust undir próf hjá Bjarna og 4 konur tóku próf annars staðar.

Jón Sveinsson tók við embætti landlæknis árið 1780 og gegndi því það sem eftir lifði 18. aldar. Á þeim tíma tóku 7 konur ljósmæðrapróf og af þeim fámenna hópi gengust 5 undir próf hjá Jóni. Enginn tók próf í ljósmæðrafræðum frá miðju ári 1792 til ársins 1799.⁷ Þó hér að framan sé fjallað um fjölda þeirra sem tóku próf, þá voru fleiri konur sem fengu einhverja menntun þó þær væru próflausar. Um það vitna bréf Bjarna Pálssonar þar sem hann segist, á embættisferðum um landið, kalla til sín starfandi ljósmæður og kenna þeim mikilsverðustu atriði í fæðingarhjálp við erfiðar fæðingar, t.d. snúning fósturs. Eftir rúmlega eitt ár í starfi og að fenginni reynslu, skrifaði hann bréf á Bessastöðum, 14. september árið 1761, um reynslu sína og almennt ástand ljósmæðramála á Íslandi. Hann sagði þar að hann hefði reynt að sinna fræðsluskyldu sinni bæði heima í héraði og á ferðum um landið og að hann hefði ekki yfir neinu að kvarta, flestar ljósmæður tækju fúslega við leiðbeiningum. Hann var ekki undrandi yfir því að þær konur sem höfðu enga formlega fræðslu fengið ogkunnun aðeins það sem náttúran hefði kennt, þeim létu úr sér eitt og annað heimskulegt.⁸

Það er augljóst að mjög litlar breytingar urðu á ljósmæðraþjónustu og menntun ljósmæðra á 18. öld. Þó að menntun þeirra færðist formlega yfir til landlæknis breytti það litlu, því fáar konur tóku próf en nokkru fleiri fengu einhverja fræðslu. Frá og með árinu 1766 var farið að veita árlega 100 ríkisdöllum úr konungssjóði til að efla menntun og þjónustu ljósmæðra á Íslandi, en þessi fjárveiting breytti litlu.⁹ Ástæður þess eru nokkrar. Ein var sú að upphæðin sem ætluð var til verkefnisins var lág. Önnur ástæða var sú að íslenskir embættismenn, Finnur Jónsson biskup og Bjarni Pálsson landlæknir, deildu hart í nokkur ár um hvernig fénu yrði best varið og sýndist sitt hvorum. Þeir deildu m.a. um hvort stofna ætti ljósmæðraskóla, hver

⁶ ÞÍ. Skjalasafn landlæknis. Copíubók Bjarna Pálssonar 1760-1771. Bréf nr. 21.

⁷ *Ljósmæður á Íslandi*, II. bindi. Björg Einarsdóttir ritstj., bls. 325-327. Rvk. 1984.

⁸ ÞÍ. Copíubók Bjarna Pálssonar. Bréf nr. 24, 14. september 1761.

⁹ *Lovsamling for Island*, 3. b., bls. 548-549.

inntökuskilyrðin ættu að vera og hvort það ætti að veita ferðastyrki til að fara í Nes til að nema fræðin. Þriðja ástæðan var sú að Jón Sveinsson landlæknir, sem tók við af Bjarna Pálssyni, hafði aðrar áherslur í embætti.¹⁰

Deilur Bjarna Pálssonar og Finns Jónssonar sýna að áhrifum kirkjunnar á starfsemi ljósmæðra lauk ekki þegar Bjarni Pálsson kom til starfa sem landlæknir. Sú harka sem Finnur biskup sýndi í þeim deilum segir okkur að kirkjan ætlaði að halda áhrifum sínum á starfsemi þeirra. Annað atvik sýnir að kirkjan var í raun æðsta vald í ljósmæðramálum áratugum eftir að landlæknisembættið var stofnað. Málsatvik voru þau að í embættistíð Sveins Pálsson læknis á Suðurlandi á síðasta áratug 18. aldar, grunaði hann að einhverjar ljósmæður í Rangárvallasýslu stunduðu saknæma iðju við að koma af stað fæðingum áður en eðlilegur meðgöngutími væri liðinn. Viðbrögð Sveins voru þau að hann skrifaði prófasti bréf og ætlaðist til að hann rannsakaði málið. Það hafa ekki fundist neinar vísbendingar eða heimildir um að Sveinn hafi skrifað landlækni, yfirmanni ljósmæðramála, eða sýslumanni Rangárvallasýslu, og krafist þess að þeir rannsökuðu málið.

Eins og áður kom fram tel ég ljóst að litlar sem engar breytingar urðu í ljósmæðramálum á Íslandi á 18. öld. Það er hægt að greina breytingar á litlu svæði í Reykjavík og næsta nágrenni.¹¹ Þar störfuðu nokkrar ljósmæður sem höfðu fengið verklega þjálfun hjá dönsku ljósmóðurinni Margrethe Magnússen, sem hóf störf á Íslandi árið 1761.¹² Hún bjó í Nesi á Seltjarnarnesi mestan hluta starfsævi sinnar á Íslandi, og á umræddu svæði voru fleiri menntaðar ljósmæður undir lok 18. aldar en annars staðar á landinu. Í bréfi sem Klog landlæknir skrifaði í byrjun 19. aldar lýsti hann ástandi í ljósmæðramálum á Íslandi og lýsingar hans gætu alveg eins átt við ástandið sem var þegar Bjarni Pálsson kom til landsins árið 1760.

Hér að framan hef ég gert grein fyrir þeim lögum og reglum sem kirkjuvald og síðar ríkisvald settu um menntun og starfsemi ljósmæðra. Það er ljóst að möguleikar til að framfylgja þeim voru takmarkaðir þó vilji væri fyrir því. Ástæður þess eru meðal annars fámenni, dreifbýli og fátækt. Alla 18. öld var mikill meirihluti íslenskra ljósmæðra próflaus og án kennglu í líffræði, en gegndi störfum sem ljósmæður vítt og breitt um landið. Til að reyna að átta mig á starfsemi ómenntaðra ljósmæðra skoðaði ég sérstaklega starfsemi þeirra í Rangárvallasýslu, en á 18. öld starfaði ein ljósmóðir í sýslunni sem hafði lokið prófi hjá landlækni, allar aðrar voru próflausar.

¹⁰ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns, 1765-1767. Bréf til amtmanns II. Nr. 28A; ÞÍ. Skjalasafn landlæknis. Copiubók Bjarna Pálssonar 1760-1771.

¹¹ ÞÍ. StJ, 4, nr.426-528. Skjalasafn stiftamtmanns. Innkomin bréf, nr.519.

¹² *Ljósmæður á Íslandi*, II. bindi. Björg Einarsdóttir ritstj., bls. 449. Rvk. 1984.

Starfsemi ljósmæðra í Rangárvallasýslu

Vegna skorts á heimildum er erfitt að finna ómenntaðar ljósmæður á 18. öld og það á jafnt við um Rangárvallasýslu eins og aðrar sýslur landsins. Eins og áður kom fram þurftu ljósmæður á 18. öld ekki að skila skriflegum skýrslum um störf sín og prestar skráðu eiðtökur og áminningar ljósmæðra ekki í prestsþjónustubækur. Í sóknarmannatölum 18. aldar eru aðeins fá dæmi um að konur séu skráðar ljósmæður eða yfirsetukonur. Ekkert almennt manntal var tekið á Íslandi á tímabilinu frá 1703-1801, en manntöl koma að takmörkuðum notum þegar leitað er að ljósmæðrum, þar sem starfandi ljósmæður voru flestar húsfreyjur og skráðar sem slíkar. Tvö þekkt verk um íslenskar ljósmæður koma einnig að litlu gagni þegar leitað er upplýsinga um ljósmæður á 18. öld. Þessi rit eru *Ljósmæður á Íslandi I.-II.* og *Íslenzkar ljósmæður*. Fyrirnefnda ritið gerir grein fyrir því í formála hvers vegna svo sé, en í bókinni *Íslenzkar ljósmæður* er ekki fjallað um ljósmæður á 18. öld.

Til að finna þær konur sem voru ljósmæður og höfðu ekki lokið prófi varð ég að nota þá aðferð að skrá skírnir allra barna í viðkomandi sókn og skrá og nafngreina þá skírnarvotta sem voru við hverja skírn. Skírnarvottar voru oftast þrír, tveir karlar og ein kona. Þegar ég ákvað að fara þessa leið til að finna ljósmæðurnar renndi ég ekki blint sjóinn. Ég hafði fyrir mér tvær vísanir. Önnur var rannsókn sem sagnfræðingarnir Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Loftur Guttormsson gerðu á því hverjir völdust til að vera hjónavígslu- og skírnarvottar í nokkrum sóknum á fyrri hluta 19. aldar.¹³ Niðurstöður þeirra, á því hverjir völdust til að vera skírnarvottar, voru þær að við rúmlega 80% skírna var ljósmóðir barnsins skírnarvottur. Þó að rannsókn þeirra næði yfir tímabil á fyrri hluta 19. aldar eru engar vísbendingar um að þessu hafi verið öðru vísi farið á síðari hluta 18. aldar. Hin vísbendingin var v sú, að vegna þess að börn voru skírð fljótt eftir fæðingu var ljósmóðirin enn til staðar á heimilinu og þess vegna mjög sennilegt að hún væri skírnarvottur. Á 18. öld voru íslensk börn skírð samdægurs eða dags gömul, heima eða í kirkju. Athugun mín leiddi í ljós að aðeins örfá dæmi finnast um að ljósmóðir sé skráður skírnarvottur utan sinnar sóknar.

Rannsókn á starfsemi ljósmæðra í Rangárvallasýslu sýndi að megireglan (þetta á að vera eitt orð) var sú að það var ein aðalljósmóðir í hverri sókn og var Oddasókn á Rangárvöllum eina undantekningin frá þeirri reglu. Í þeirri sókn, þar sem ár skipta henni í spildur voru nokkrar

¹³ Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Loftur Guttormsson. „Að treysta böndin? Hjónavígslu- og skírnarvottar í íslensku samfélagi á fyrri hluta 19. aldar“. *Saga og samfélag*, bls. 320.

ljósmæður starfandi innan sóknarinnar á sama tíma, en hver og ein þeirra átti sinn sess, á sínu svæði á landspildu milli fljótanna.¹⁴

Í prestspjónustubókum Rangárvallasýslu frá 18. öld eru til skírnarskráningar úr 10 af 12 sóknum sýslunnar, en mismunandi er eftir sóknum hvað þær heimildir ná yfir langt tímabil. Þessar skírnarskráningar eru ágætar heimildir um skírnir 3219 barna. Með þeirri aðferð að skrá skírnir og skírnarvotta, fann ég upplýsingar um störf 37 ómenntaðra ljósmæðra í sýslunni, og það hversu langan starfsferil þær áttu og fékk vísbendingar um hvað þær tóku á mót mörgum börnum á starfstíma sínum. Vegna landfræðilegra aðstæðna var ekki hægt að leggja mat á störf þeirra sem unnu í Oddasókn, eftir sömu reiknireglu og í hinum sóknum sýslunnar.

Það sem kom mér mest á óvart í rannsókn minni var vinnuálag ljósmæðra í sýslunni. Mjög miklar sveiflur voru í fjölda fæðinga eftir mánuðum, en hvert ár öðru líkt varðandi þessar sveiflur í langan tíma, jafnvel áratugi. Það kom í ljós að á þessu tímabili voru flestar fæðingar í 8 af 10 sóknum sem ég skoðaði, á 4-5 mánaða tímabili frá því í júlí fram á vetur. Í Keldnaþingum og Holtþingum var þetta aðeins öðru vísi. Þetta leiðir í ljós að annatími flestra ljósmæðra í Rangárvallasýslu var á svipuðum tíma og þegar mestar annir voru í bændasamfélaginu, en langflestar yfirsetukonur í sýslunni voru giftar húsfreyjur sem stóðu fyrir búí, nokkrar voru ekkjur en eina menntaða ljósmóðirin í sýslunni var jafnframt eina ógifta konan sem tók ljósmæðrapróf á 18. öld.

Lokaorð

Að lokinni rannsókn minni á menntun og störfum ljósmæðra á 18. öld, sé ég enga ástæðu til að efast um nán tengsl á milli kirkju og ljósmæðra. Þau tengsl héldust þó að lög um menntun og starfsemi ljósmæðra breyttust þegar embætti landlæknis var stofnað. Það er ljóst, m.a. vegna dreifbýlis, erfiðra samgangna, veðurfars, ólæsis yfirsetukvenna og þess að formleg opinber skráning þeirra var ekki til, að landlæknir gat aldrei náð til nema lítils hluta yfirsetukvenna. Sóknarprestur í hverri sókn var sá eini sem gat haft yfirsýn yfir störf ljósmóður sóknarinnar og upplýst landlækni um hvaða kona væri ljósmóðir hvernar sóknar og hvar hana væri að finna. Enda þótt landlæknir hefði viljað taka á sínar herðar málefni ljósmæðra, eins og honum bar skv. erindisbréfi, gat hann ekki náð til þeirra nema með aðstoð sóknarpresta. Hann átti því ekki annarra kosta völ en vera í samstarfi við kirkjuna.

¹⁴ Þórunn Guðmundsdóttir. Sumar hjálpuðu meira en aðrar. MA ritgerð í sagnfræði 2002.

Heimildir um ljósmæður og störf þeirra í Rangárvallasýslu á 18. öld eru brotakenndar. Með því að draga saman það sem er til, næst nokkur mynd af störfum þeirra, og sú mynd sýnir að fyrirmæli kirkjunnar um starfsemi ljósmæðra giltu þar, hver sókn hafði sína ákveðnu ljósmóður. Það verður þó ekki litið fram hjá því að vegna þess að flest börn í sýslunni fæddust á svipuðum tíma ársins í flestum sóknum, þá var annatími flestra ljósmæðra á sama tíma, sem þýðir að ljósmóðir sem átti annríkt í sinni sókn gat ekki aðstoðað utan hennar á sama tíma.

Ljósmæður í Rangárvallasýslu áttu sinn sess, höfðu sína föstu stöðu innan sóknarinnar. Það á jafnt við um einu ljósmóðurina í Rangárvallasýslu sem tók formlegt ljósmæðrapróf og þær sem enga formlega menntun höfðu.